

OPIÐ BRÉF**113**

19. maí

um að hans konunglega tign Knud prins af Danmörku, sé settur ríkisstjóri.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þaræð Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda og með því að hans konunglega tign ríkisarfi þá um leið dvelur erlendis, setjum Vér ríkisstjóra, samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 25, 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, er svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, son Vorn elskulegan, hans konunglegu tign prins Knud Christian Frederik Michael, og hefir hann ríkisstjórn á hendi í Voru nafni frá þessum degi, þangað til Vér komum heim aftur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

KONUNGLEG AUGLÝSING**114**

25. maí

um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 19. þ. m., samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambands-